

Stefna og starfsemi Fuglaverndar Áherslur 2015-2020

- Fuglavernd vinnur að vernd fugla og búsvæða þeirra.
- Grunnildir Fuglaverndar er sjálfbærni og fræðsla sem stuðlar að virðingu fyrir náttúrunni og lífríki hennar og þarf að hafa þessi grunnildir til hliðsjónar í öllum markmiðum Fuglaverndar.
- Fuglavernd er fulltrúi Íslands hjá Alþjóða fuglaverndarsamtökunum, *BirdLife International*.

Tegundaverndaráætlun - markmið

1. Forgangsraða mikilvægi tegunda með hliðsjón af hættunni sem stafar að þeim og tiltækra úrræða og styðjast við fyrirbyggjandi gögn.
2. Að auka þekkingu á stöðu þeirra fuglategunda á Íslandi sem eiga undir högg að sækja.
3. Að skot- og fiskveiðar verði sjálfbærar, hafi sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi.

Búsvæðaverndaráætlun - markmið

1. Endurskoða allar skráningar á Alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum - IBA (Important Bird Areas) svæðum.
2. Berjast sérstaklega fyrir frekari verndun nokkurra mikilvægra fuglasvæða.
3. Endurheimta og vernda votlendi.
4. Hvetja almenning, stjórnvöld, sveitastjórnir og framkvæmdaaðila til að virða búsvæði fugla og fylgjast með að í lagaumhverfinu felist fullnægjandi vernd og að það sé ekki virt að vettugi.

Að fá fólkið í landinu í lið með okkur (fræðsla og sjálfbærni)

1. «Hlúa að» núverandi félagsmönnum og fjölgja félögum.
2. Fjölga virkum sjálfbóðaliðum og sinna þeim sem fyrir eru.
3. Útgáfa og fræðsla.
4. Fá leikmenn til að telja fugla.
5. Ala upp unga fuglaskoðara
6. Efla samvinnu við önnur félagsamtök á sviði umhverfis – og náttúruverndar.
7. Efla samvinnu við stjórnvöld, stofnanir og sveitafélög.
8. Efla samvinnu við erlend systurfélög.

Félagið – starf og umgjörð

1. Gera félaginu kleift að standa við þessar framkvæmdaáætlanir.